



UMBOÐSMAÐUR BARNA

*„Mér langar bara að það verði meira hljóð því mér
finnst erfitt að einbeita mér.“*

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna
12. október 2012

www.barn.is



Um embættið og hlutverk þess

- ▶ Stofnað með lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 og hóf starfsemi 1. janúar 1995.
- ▶ Umboðsmanni barna ber að standa vörð um hagsmuni barna og vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda þeirra á öllum sviðum samfélagsins.
- ▶ Ber að stuðla að því að þjóðréttar-samningar sem varða réttindi barna séu virtir, einkum **Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**
- ▶ Á að hafa frumkvæði að umræðu og koma á framfæri tillögum um úrbætur



Barnasáttmálinn

- ▶ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var fullgiltur á Íslandi 1992.
- ▶ Útbreiddasti mannréttindasamningur heims.
- ▶ Tryggir börnum sjálfstæð mannréttindi.
- ▶ Ný sýn á réttindi barna.
 - ▶ Vernd – umönnun – þátttaka.
 - ▶ Þingsályktunartillaga um lögfestingu samþykkt á Alþingi 16. mars 2009. Ríkisstjórn falið að undirbúa lögfestingu sáttmálans.



Barnasáttmálinn

3. gr.

▶ *1. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.*

2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.



Helstu lög þar sem varða hljóðvist?

▶ Fyrir börn:

- ▶ Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- ▶ Reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009
- ▶ Lög um leikskóla nr. 90/2008
- ▶ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

▶ Fyrir alla:

- ▶ Byggingarreglugerð nr. 112/2012. Vísar í staðalinn ÍST 45 v. hljóðvistar
- ▶ Reglugerð um hávaða nr. 724/2008

▶ Fyrir fullorðna á þeirra vinnustöðum:

- ▶ Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/2008
- ▶ Reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum nr. 921/2006, o.fl. (s.s. reglugerð um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss 279/2003) ...



Lög um grunnskóla nr. 91/2008

2. gr. Markmið

... Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

...

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

13. gr. Réttur nemenda

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. ...



Lög um grunnskóla nr. 91/2008

20. gr. Skólahúsnæði

...

Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.



Reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009

▶ 3. gr. Skólahúsnæði, skólalóð og búnaður

Húsnæði og skólalóðir skulu uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerðar þessarar, aðalnámskrár grunnskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.



Ekkert hámark á fjölda barna í bekk/hóp

- ▶ Hinn 21. febrúar 2012 sendi umboðsmaður barna tölvupóst til mennta- og menningarmálaráðuneytisins:
- ▶ **Um hámarksfjölda barna í bekk.** Hvað telur ráðuneytið eðlilegt að ætla einum kennara að sinna mörgum börnum þannig að hægt sé á að ná markmiðum grunnskólalaga?
- ▶ Í svari frá ráðuneytinu 26. mars 2012 segir:
... Lög um grunnskóla veita sveitarfélögum og skólum verulegt svigrúm og sjálfstæði til að skipuleggja nám í samræmi við þarfir og aðstæður á hverjum stað en meginstefnan, sem kemur fram í lögum og aðalnámskrá grunnskóla, er sú að allir nemendur eigi þess kost að stunda nám í heimaskóla sínum án aðgreiningar. Af þessum sökum telur ráðuneytið ekki rétt að taka afstöðu til fjölda nemenda í bekk, ekki síst þar sem aðstæður og viðfangsefni geta verið með mismunandi hætti.

Lög um leikskóla nr. 90/2008

2. gr. Markmið

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. ...

12. gr. Húsnæði og fjöldi barna í leikskóla.

... Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. ...

Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.



Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

3. gr. Skólahúsnæði, skólalóð og búnaður

- ▶ *Húsnæði, skólalóð og allur búnaður skal uppfylla kröfur laga nr. 90/2008 um leikskóla, reglugerðar þessarar, aðalnámskrár leikskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja.*



Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

4. gr. Skipulag og hönnun.

Skipulag og hönnun leikskóla skal taka mið af áætluðum hámarksfjölda barna í skólanum, samsetningu og þörfum barna-hópsins, aldri barna og lengd dvalartíma.

Við skipulag og hönnun leikskóla skal leitast við að tryggja börnum og starfsfólki skóla öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Er þar sérstaklega átt við hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu og fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og öðrum búnaði.

6. gr. Fjöldi barna

Leikskólastjóri ... tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Byggingarreglugerð nr. 112/2012

11. HLUTI HLJÓÐVIST - 11.1. KAFLI **Varnir gegn hávaða.**

11.1.1. gr. Markmið.

Byggingar og önnur mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að heilsu og innra umhverfi sé ekki spillt af völdum hávaða og óþægindum af hans völdum sé haldið í lágmarki. Hávaði sem fólk í mannvirki eða næsta nágrenni skynjar skal vera viðunandi og ekki hærrí en svo að það geti sofið, hvílst og starfað við eðlileg skilyrði. Þess skal gætt sérstaklega að hljóðvist sé góð í umhverfi barna, s.s. í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og öðrum stöðum þar sem börn dvelja. Jafnframt skal gæta sérstaklega að hljóðvist með hliðsjón af þörfum heyrnarskertra, sbr. einnig ákvæði um algilda hönnun í 6.1.2 og 6.1.3. gr.



Byggingarreglugerð nr. 112/2012

1.1.1.2. gr. Kröfur.

Ákvæði þessa hluta reglugerðarinnar gilda um ... skóla, frístundaheimili, ... Byggingar skulu þannig hannaðar að óþægindi vegna hávaða innan rýma, frá aðliggjandi rýmum, lögnum, tæknibúnaði og umferð séu takmörkuð. Þessar kröfur skulu uppfylltar í samræmi við fyrirhugaða notkun.

Allar byggingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Þegar hljóðvist er bætt umfram lágmarkskröfur er æskilegt að kröfur staðalsins ÍST 45 til hljóðvistarflokks B eða eftir atvikum hljóðvistarflokks A séu uppfylltar.

Um hávaðavarnir við vinnu gildir reglugerð Vinnueftirlits ríkisins um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum.

Hönnuðir skulu ávallt leggja fram greinargerð vegna hljóðvistar með öðrum hönnunargögnum, sbr. 4.5.3. gr., vegna skóla, frístundaheimila, heilbrigðisstofnana, dvalarheimila, gististaða, stórra fjölbýlishúsa, stórra opinna vinnurýma, hávaðasamra vinnustaða og þegar um óhefðbundnar byggingaraðferðir er að ræða.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008

7. gr. Heilsuspillandi hávaði

Viðmið heilsuspillandi hávaða er 85 desíbel(A) L_{Aeq} (jafngildishljóðstig í 8 klst). Þegar heilsuspillandi áhrif hávaða eru metin, skal sérstaklega hafa í huga eftirfarandi atriði:

- a. Styrk hávaðans mældan í desíbelum(A).
- b. Tónhæð hávaðans.
- c. Hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur.
- d. Daglega tímalengd hávaðans.
- e. Tíma sólarhringsins er hávaðinn varir.
- f. Heildartímabil, sem ætla má að hávaðinn vari (dagar/vikur).
- g. Að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir.

8. gr. Aðgæslureglur

Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.

...

Gæta skal sérstaklega að hávaðavörnum í og við leik- og grunnskóla sem og dvalarrými þjónustustofnana.



Reglugerð um hávaða nr. 724/2008, frh.

I I. gr. Framkvæmd og eftirlit

Umhverfisstofnun skal í samstarfi við Skipulagsstofnun og önnur stjórnvöld eftir því sem við á gefa út leiðbeiningar um:

- a. meðhöndlun hljóðvistarkrafna í skipulagi.*
- b. viðmiðanir um hljóðvistarkröfur í leik- og grunnskólum og annars staðar sem börn dvelja og hætta er talin á að hávaði geti valdið þeim ónæði eða verið heilsuspillandi.*
- c. mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits.*

Heilbrigðisnefndir skulu hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða.



Reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum nr. 921/2006:

▶ 5. gr. Sérstök vinnusvæði

Í stjórnklefum, verkstjórnarherbergjum og öðrum stöðum þar sem mikilvægt er að samræður geti átt sér stað skal að því stefnt að hávaði fari ekki yfir 65 dB(A) að jafnaði á vinnutíma.

Í mat- og kaffistofum er æskilegt að hávaði fari ekki yfir 60 dB(A) að jafnaði þann tíma sem notkun stendur yfir.

Á skrifstofum og öðrum stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur til einbeitingar og samræður eiga að geta átt sér stað óhindrað skal leitast við að hávaði fari ekki yfir 50 dB(A) að jafnaði á vinnutíma.

▶ Fyrir starfsfólk. Hægt að biðja Vinnueftirlitið um mælingu.

▶ Ekkert sambærilegt ákvæði sem á við börn. Einungis ákvæði um heilsuspillandi hávaða (85 db (A))



Hvað sýnir löggjöfin okkur?

- ▶ Það virðist vera vilji til að hafa þessa hluti í lagi:
 - ... viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan.
 - ... Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.
 - ... tryggja börnum og starfsfólki skóla öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Er þar sérstaklega átt við hentugan húsbúnað, hljóðvist ...
 - ... Að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir.
- ▶ En þó vantar ýmislegt upp á, s.s. nákvæmari viðmið fyrir börn.
- ▶ En hvernig á að framfylgja þessum ákvæðum?
- ▶ Vantar e.t.v. viðurlög?
- ▶ Reynslan sýnir að þetta er flókið og dulið vandamál.



Bréf til allra heilbrigðiseftirlita

- ▶ Um eftirlit heilbrigðisnefnda skv. 11. gr. rgl. um hávaða
- ▶ Umboðsmaður barna sendi bréf til allra heilbrigðiseftirlita dagsett þann 15. feb. 2012. Þau eru:
 - ▶ Heilbrigðiseftirlit
 - ▶ Austurlands
 - ▶ Kjósarsvæðis
 - ▶ Reykjavíkur
 - ▶ Suðurlands
 - ▶ Suðurnesja
 - ▶ Vestfjarðar
 - ▶ Vesturlands
 - ▶ Norðurlands eystra
 - ▶ Norðurlands vestra
 - ▶ Hafnarfjörður og Kópavogssvæði



Spurning 1:

- ▶ Var óskað eftir því að þið framkvæmduð eftirlit eða mælingar á hljóðvist í umhverfi barna á árunum 2010 og 2011? Ef svo er, í hvaða sveitarfélögum?
- ▶ **Reykjavík:** Nokkrar mælingar að frumkvæði heilbrigðis-
eftirlitsins og vegna ábendinga, t.d. varðandi kvikmyndahús og
tónleika.
- ▶ **Vestfirðir:** Ein beiðni. Óskað eftir hljóðmælingu á
tónmenntastofu í einu sveitarfélagi.
- ▶ **Hafnarfjörður og Kópavogssvæði:** Þrjár ábendingar 2010
vegna grunnskóla og leikskóla í Hafnarfirði (bjalla, matsalur og
danstími).
- ▶ **Önnur svæði:** Nei, ekki á þessum árum. Einstaka beiðnir á
fyrri árum.



Spurning 2:

- ▶ Framkvæmduð þið að ykkar eigin frumkvæði eftirlit eða mælingar á hljóðvist í umhverfi barna á árunum 2010 og 2011? Ef svo er, í hvaða sveitarfélögum?
- ▶ **Reykjavík:** Sérstök eftirlitsverkefni voru ekki í gangi varðandi hávaða í umhverfi barna en nokkrar mælingar fóru fram í reglubundnu eftirlit að þeirra frumkvæði og vegna ábendinga um lélega hljóðvist. Um áraraðir verið gerðar hávaðamælingar í kvikmyndahúsum, sérstaklega á sýningum sem ætlaðar eru börnum og á tónleikum.
- ▶ **Vesturland:** Nei en þau hafa bent á úrræði vegna bergmáls í leikstofum.
- ▶ **Hafnarfjörður og Kópavogssvæði:** Ekki hefur verið farið í sérstakt eftirlitsverkefni vegna hljóðvistar í umhverfi barna. Að frumkvæði eftirlits er farið á ári hverju í á annað hundrað eftirlitsheimsóknir í grunn- og leikskóla í fjórum sveitarfélögum (Álftanes, Garðabær, Hafnarfjörður og Kópavogur) ... Allir þættir hollustuháttamála koma til skoðunar.
- ▶ **Önnur svæði:** Nei. Einstaka mælingar á fyrri árum.



Fyrirspurn til Vinnueftirlitsins í ágúst 2012

- ▶ Starfssvið Vinnueftirlitsins takmarkast við aðbúnað, hollustuhætti og öryggi **starfsmanna**. Umhverfi barna og annarra almennra borgara, aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi snýr að heilbrigðiseftirliti, þ.m.t. hávaðamælingar.
- ▶ Frá 2010 og til ágúst 2012 hefur Vinnueftirlitið gert ítarlegar hávaða- og ómtímamælingar í tveimur leikskólum, einum grunnskóla og einum framhaldsskóla.
 - ▶ Í leikskólunum voru gerðar ómtímamælingar sem sýndu að ómtíminn í var innan marka byggingarreglugerðar.
 - ▶ Í öðrum leikskólanum voru gerðar fjórar staðbundnar hávaðamælingar sem allar sýndu sömu niðurstöðu, 74 dB(A), sem er innan marka reglugerðar Vinnueftirlitsins um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum.
 - ▶ Í grunnskólanum var mældur hávaði frá skólabjöllum.
 - ▶ Í framhaldsskólanum voru gerðar ómtímamælingar í þremur rýmum og niðurstaðan var sú að ómtíminn var í öllum tilfellum yfir mörkum byggingarreglugerðar.



Helstu niðurstöður

- ▶ Mjög fáar ábendingar eða beiðnir um hávaðamælingar í skólum á tímabilinu hjá heilbrigðiseftirlitum. Virðist vera svipað hjá Vinnueftirlitið.
- ▶ Lítið um að heilbrigðiseftirlitin hafi frumkvæði að hávaðamælingum í skólum. Vinnueftirlitið framkvæmir þær í tengslum við vinnustaðaeftirlit.
- ▶ Líklega ýmsar ástæður fyrir því, t.d. skortur á leiðbeiningum um við (sbr. I I. gr. rg. um hávaða) hingað til, fáar kvartanir ...??
- ▶ Hávaði virðist vera falið vandamál. Foreldrar virðast treysta því að allt sé í góðu lagi í leik- og grunnskólunum hvað varðar hljóðvist eða eru kannski bara ekkert að pæla í því.



Hvað segja krakkar við okkur um hljóðvist í vinnuumhverfi þeirra?

- ▶ *Tvær eldri skýrslur:*
 - ▶ *Ráðgjafarþekkir umboðsmanns barna 2002-2003. Aðbúnaður á vinnustað barna – í skólanum og að skóladegi loknum.*
 - ▶ *Streita í lífi grunnskólabarna á Íslandi 2003. Viðhorf ráðgjafarþekkjia umboðsmanns barna og fulltrúa í nemendaráðum grunnskólanna.*
 - ▶ *Í þessum skýrslum kemur fram að hávaði er einn af helstu streituvöldum í umhverfi ráðgjafa umboðsmanns barna.*
- ▶ *Í könnun á líðan barna 2010 var opin spurning þar sem nemendum var gefinn kostur á að koma sínum skilaboðum á framfæri..*
- ▶ *Spurningin var: „Stundum áttar fullorðna fólkið sig ekki á því hverju er hægt að breyta til að gera skólann notalegri og betri. Hvað heldur þú að geti orðið til að laga skólann?“*



Hvað má betur fara í skólanum?

Dæmi um svör

- ▶ *Minna talað og meiri ró í kennslustundum.* Stelpan í 7. bekk.
- ▶ *Mér langar bara að það verði meira hljóð því mér finnst erfitt að einbeita mér.* Stelpan í 7. bekk.
- ▶ *Það er hægt að hafa betri vinnufrið og ekki dæma fólk eftir útliti og ekki stríða né beita ofbeldi.* Stelpan í 5. bekk.
- ▶ *Hafa meiri þögn.* Stelpan í 5. bekk.
- ▶ *Sleppa að öskra...* Strákur í 5. bekk
- ▶ *Að hætta með hávaða í matsalnum og í stofunni. Hætta með dónaskap og skilja útundan.* Stelpan í 5 bekk.
- ▶ *Reyna að minnka hávaðann í skólanum ...* Strákur í 7. bekk.
- ▶ *Minnka lætin í matsalnum.* Stelpan í 6. bekk.



Hvað má betur fara í skólanum?

Dæmi um svör

- ▶ *Meira hljóð í skólastofu, ganginum og matsalnum...* Stelpan í 6. bekk.
- ▶ *Lokaðar kennslustofur.* Stelpan í 5. bekk.
- ▶ *Laga hávaða í matsalnum – Laga læti á göngunum – Laga að allir krakkar séu að hlaupa á göngunum.* Stelpan í 5. bekk.
- ▶ *Frið í kennslustundum og hafa hljóð.* Stelpan í 5. bekk.
- ▶ *Meiri vinnufrið, minni heimalærdóm.* Stelpan í 5. bekk.
- ▶ *Kennararnir þurfa ekki alltaf að öskra ...* Stelpan í 5. bekk.
- ▶ *Hafa meiri þögn og vera kurteis og góður við hina krakkana.* Stelpan í 5. bekk.



Dæmi um fyrri aðgerðir UB

- ▶ 2003-4: Niðurstöðum úr skýrslum ráðgjafarþekkinga 2003 komið á framfæri.
- ▶ 2004: Nám er vinna – Álitsgerð unnin fyrir UB: Ákvæði um skólann sem vinnustað nemenda eiga best heima í vinnuverndarlöggjöfni. Komið á framfæri við ráðherra.
- ▶ 2007: Við heildarendurskoðun á löggjöf um leik- og grunnskóla og í bréfi til menntamálaráðherra hvatti umboðsmaður til þess að hljóðvist í skólum yrði tekin til sérstakrar skoðunar.
- ▶ 2012: Í tillögum til Barnahóps Velferðarvaktarinnar vegna nýrrar aðgerðaáætlun í málefnum barna var vernd barna gegn hávaða í leik og starfi eitt af því sem umboðsmaður lagði áherslu á.
- ▶ 2012: Bréf til foreldrafélaga til að kynna þeim reglur um aðbúnað í skólum og skólalóðum.



1. Umboðsmaður barna vill

- ▶ Að börnum verði tryggð í lögum a.m.k. sama vernd og fullorðnir og sömu úrræði til að láta kanna og bæta hljóðvist á vinnustað.
- ▶ Mikilvægt að mælingar séu miðaðar við börn.
- ▶ Mikilvægt að taka sérstakt tillit til heyrnar og hljóðnæmni barna.
- ▶ Mikilvægt að í skólum sé miðað við þau skilyrði sem þarf til þess að börn geti tileinkað sér námið. Ekki nóg að miða við þau mörk hávaða sem beinlínis skemma heyrn.
- ▶ Mikilvægt að tekið sé sérstakt tillit til hljóðvistar þegar fjallað er um líðan barna í skólunum og streitueinkenni.
- ▶ Spurning um útfærslu, þ.e. hvaða lögum þarf að breyta og hver á að taka að sér eftirlit? Tillögur unnar fyrir umboðsmanns barna 2004 um að nemendur falli undir vinnuverndarlöggjöf.
- ▶ Er e.t.v. þörf á meiri samvinnu heilbrigðiseftirlits og Vinnueftirlits og jafnvel fleiri aðila?



2. Umboðsmaður barna vill

- ▶ Auka meðvitund foreldra og annarra um skaðsemi hávaða í umhverfi barna
- ▶ Að foreldrar og foreldrafélög fái upplýsingar um stöðu mála í sínum skólum, m.a. hljóðvistar.
 - ▶ Það væri t.d. hægt að birta upplýsingar um úttektir og mælingar heilbrigðiseftirlits á vefsíðum skólanna og í fréttabréfum.
 - ▶ Það er forsenda fyrir því að foreldrar geti veitt aðhald.
 - ▶ Mikilvægt að allir viti að almenningur getur óskað eftir mælingu á hávaða hjá heilbrigðiseftirliti.



3. Umboðsmaður barna vill

- ▶ Að börnin séu spurð reglulega um aðbúnað á vinnustað þeirra.
- ▶ Að börnum sé gert kleift að kvarta yfir aðbúnaði í skólanum eftir ákveðnum og einföldum leiðum.
 - ▶ Í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans og nýja menntastefnu en ein af fimm grunnstoðum hennar er lýðræði og mannréttindi.
 - ▶ Ástæða er til að undirstrika að hér er um rétt barna að ræða en ekki skyldu. Skylda hvílir aftur á móti á þeim fullorðnu (t.d. skólastjórnendum) að hlusta á skoðanir barna og virða þær.
 - ▶ Börn eru sjálf sérfræðingarnir í eigin lífi og því er mikilvægt að nýta einstaka sýn barnanna og þá þekkingu sem þau búa yfir. Þátttaka barna eykur þannig skilning fullorðinna á lífi og reynslu barna.



4. Umboðsmaður barna vill

- ▶ Að stjórnvöld gefi út hversu mörg börn einn starfsmaður má að jafnaði bera ábyrgð á í leik- og grunnskólum.
- ▶ Að lagarammi verði settur um lengda viðveru (heilsdagsskóla) og þar verði ákvæði um hljóðvist og fjölda barna á starfsmann.
- ▶ Ýmislegt annað.



-
- ▶ Hvað þarf að laga í skólanum?
 - ▶ Allar ábendingar vel þegnar.



Takk fyrir

